



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2020

2002011SA GB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að frv. til l. um Orkusjóð, mál nr. 15/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 27. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

Eins og fram kemur í skýringum með frumvarpinu er það liður í almennri eflingu Orkusjóðs að kveða skýrar á um hlutverk, fyrirkomulag, fjármögnun og stjórnsýslu sjóðsins. Sjóðurinn hefur fengið aukið hlutverk varðandi aðgerðir í loftslagsmálum, einkum varðandi orkuskipti og nýsköpun í orkumálum.

Hlutverk Orkusjóðs, sbr. 2. gr. frv., er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum og lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og nýtingu á innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Hlutverk Orkusjóðs er jafnframt að styðja við verkefni sem stuðla að orkuöryggi og samkeppnishæfni á sviði orkumála og orkutengd verkefni á grundvelli orkustefnu, byggðastefnu og stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir aðeins eina athugasemd við frumvarpið. Í 3. gr. kemur fram að ráðherra skipar þrjá einstaklinga í stjórn Orkusjóðs. Ekki kemur fram að ráðherra skuli óska eftir tilnefningum frá tilteknum aðilum. Ljóst er að mikil þörf er á skilvirku samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga til að ná þeim markmiðum sem Ísland hefur sett sér í loftslagsmálum. Sambandið telur af þeirri ástæðu eðlilegt að óska eftir því að einn stjórnarmaður verði skipaður á grundvelli tilnefningar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri